



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 16. Apríl 2024, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmisdóttir, Katla Gísladóttir, Hermann Vilmundarson, Davíð Áskelsson, Sigurbjörn Eiríksson, Lárus Sindri Lárusson, Haraldur Pétursson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

1. Eldri stjórn

Sverrir Einarsson, Gunnar Már Þórðarson og Kolfinna Guðmundsdóttir úr fyrr stjórn komu á fundinn og rætt var við þau um þau verkefni sem höfðu verið í gangi og eins hvað þeim myndist að ætti að halda áfram með eða leggja áherslu á. Pétur Örn Sverrisson og Jenný Elisabet Eriksson höfðu ekki tök á að mæta en Jónína heyrði í þeim í síma fyrir fundinn. Þetta var gott samtal og færur við þeim bestu þakkir fyrir.

2. Heimsókn til LH

Jónína og Sigurbjörn fóru á fund hjá LH. LH ræddi m.a. um mikilvægi þess að rétt sé staðið að mótamálum og þá sérstaklega að mótaskýrslum og dómaramálum. Mikilvægt að standa vel að hlutverki Mótstjóra og annara sem koma að mótum. Nýjar reglur um fjölda í úrslitum en Sportfengur ekki tilbúinn að taka á þeim og raðar knöpum ekki rétt í úrslitin sem veldur vandræðum í keppnishaldinu.

3. Prókurumál og stjórnnum félaga Sprettis.

Farið í að undirrita alla pappíra sem tengjast nýrri stjórn.

4. Farvegur fyrir mál sem upp kunna að koma í félaginu

Rætt um mikilvægi þess að settar verið siðareglur og verklag sem hægt að að nota ef/þegar upp koma mál sem krefjast slíks. Sprettur er stórt félag með nokkra starfsmenn/verktaka, mikilla starfsemi og viðburði og mikilvægt að til sé eitthvert verklag til að taka á málum.

5. Sprettaraspjallið

Rætt um hvort og hvernig eigi að stjórna Sprettaraspjallinu.

6. Hreinsunardagur

Dagsetning fyrir Hreinsunardag var ákveðinn, sunnudaginn 28 apríl. Rætt að dreifa fiskikerjum á valda staði. Gott er að skipta svæðinu upp í minni svæði og tengja við göturnar í hverfunum og hafa grill/viðburð í kjölfarið. Gott væri að búa til lista fyrir verkefni sem þarf að framkvæma og fólk getur valið. Katla mun hafa samband við nefndir, Öryggisnefnd, Sjálfbærnefnd, Umhverfisnefnd.

7. Viðrunarhólf

Ákveðið var að hækka verð á viðrunarhólfum í 14.000 kr. Það þarf að skerpa á reglum fyrir hólfina, Davíð og Haraldur taka að sér að klára. Setja ábyrgð á leigjendur og biðja þá um að tilkynna ástand.

Fundi slitið kl. 22:30.

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson